2021 Af hverju nota ég táknmál?

Að vanda stóð MÍT fyrir því að Dagur íslensks táknmáls var í heiðri hafður, en dagurinn var í þetta sinn var litaður af samkomutakmörkunum vegna Covid-19. Ýmsar hugmyndir komu upp um hvernig mætti nýta daginn til að vekja athygli á íslenska táknmálinu, hugmyndir sem nýtast vonandi á næstu árum, en að lokum var ákveðið að biðja málhafa að svara á myndbandi spurningunni „Af hverju nota ég táknmál?“ Alls bárust myndbönd frá 21 málhafa, sem svöruðu spurningunni hver á sinn hátt. Myndböndin voru klippt saman og þýdd og afraksturinn svo birtur á Facebooksíðu MÍT 11. febrúar.

Þrátt fyrir sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu tókst að halda Cafe Lingua, þar sem Arnar Ægisson, táknmálskennari á SHH talaði um táknmálskennslu á netinu, en skipulagið var að vanda í höndum Borgarbókasafns.